



INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Hautbréf
2022

Félag kvenna í
fræðslustörfum á Íslandi



JÓL

*Nú byrja blessuð jólin
með bjartra ljósa fjöld
og heilög sólna sólin
nú signir allt í kvöld.
Þú hátíð hátíðanna
sem heimi boðar frið
svo augu aumra manna
sjá opins himins hlið.*

*Ólína Andrésdóttir
Úr Ljóðmælum Ólínu og Herðísar
III útgáfu 1976*



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG góðrar aðventu og gleðilegra jóla

Kæru félagskonur

Það er ósk okkar í útgáfunefndinni að haustfréttabréfið færi ykkur orku og nýjar hugmyndir að fjölbreyttu starfi deildanna. Það hefur verið nokkuð átak að safna efni að þessu sinni enda félagskonur allar í önnum sem fylgja lífi og starfi á þessum árstíma. Þakkir sérstakar til þeirra sem brugðust skjótt og vel við beiðni okkar.

Efnið er fjölbreytt að vanda, auk fréttu frá deildum er í fréttabréfinu kveðja frá landssambandsstjórn DKG sem forseti Guðrúnu Eddu Bengtsdóttur ritar.

Aníta Jónsdóttir í Beta deild skrifar um þátttöku sína í námskeiðinu DKG Ignite sem haldið var í Austin, Texas síðastliðið sumar. Hún hvetur DKG konur til að nýta sér tækifæri sem í boði eru hjá samtökunum.

Við hvetjum formenn deilda til að kynna fréttabréfið á fundum til að vekja athygli á efni þess svo félagskonur fræðist um það sem gert er í öðrum deildum og hugmyndum sé miðlað á milli.

Megi ykkur ganga allt í haginn á komandi ári og deildastarfið blómstra!
Kær kveðja

Samskipta- og útgáfunefnd DKG: Birna Sigurjónsdóttir, Iðunn Antonsdóttir





Kveðja frá landssambandsstjórn DKG

Þegar líður að jólum og áramótum líta menn og konur gjarnan um öxl og gera upp liðið ár. Í byrjun þessa árs var enn þó nokkuð um smit og veikindi af völdum Covid-19 faraldursins en létt hafði verið á reglum um sóttkví og smitgát m.a. vegna þess að nú var stór hluti þjóðarinnar tví- og jafnvel þrjúbólusettur. Þetta ástand hafði örugglega áhrif á starfsemi deildanna okkar og enn voru sumar félagskonur varar um sig og vildu síður taka þátt í fjölmönnum samkomum. Landssambandsstjórnin var því mjög ánægð þegar í ljós kom að hægt var að halda vorráðstefnu á Grand hóteli í Reykjavík þann 7. maí sl. og voru um 70 DKG félagskonur mættar til að hlusta á ýmis fróðleg erindi og ekki hvað síst njóta samverunnar.

Forseta landssambandsstjórnar veittist sá heiður að sækja alþjóðaþing DKG í New Orleans í júlí sem var bæði áhugavert og lærdómsríkt.



Á framkvæmdaráðsfundi um miðjan september hittu landssambandsstjórn nýja formenn deildanna sem fengu í nesti ýmsar hagnýtar upplýsingar um starfsemi samtakanna, bæði innan lands og á alþjóðavísu. Þetta var sérlega öflugur hópur sem við í stjórninni erum sannfærðar um að muni leiða deildastarfið á farsælan og framsækinn hátt – eins og segir í stefnunni okkar.

Forseta var síðan boðið að slá þrjár flugur í einu höggi og vera viðstaddur jólafund þriggja deilda á Norðurlandi; Beta, Mý og Ný í lok

nóvember. Það urðu því mikil vonbrigði þegar fluginu

norður var aflyst á síðustu stundu en í staðinn veittist undirritaðri sá heiður og

ánægja að sitja jólafund Gamma-deildar sem haldinn var á heimili Gerðar G. Óskarsdóttur 7. desember.



Forseti með Ingibjörgu Einarsdóttur sem átti afmæli 7. des. og bauð upp á veitingar á jólafundi Gammadeildar

Einnig sótti forseti að vanda jólafund með sínum félögum í Kappa-deildinni sem var að mestu með hefðbundnu sniði; upplestri á nýútkominni bók, hollum og góðum mat, jólasöng og „gefið úr geymslunni“ þar sem félagskonur þökkðu inn álitlegum hlutum sem þær höfðu ekki not fyrir lengur og gætu komið öðrum að góðum notum. Var það í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga neyslu og framleiðslu.

Evrópski jólafundurinn var svo haldinn 13. desember þar sem fulltrúar sjö af átta þátttökulöndum DKG í Evrópu sögðu frá jólasíðum og -hefðum í sínu landi. Í ljós kom að margt var sameiginlegt varðandi jólahald og -undirbúning en einnig ákveðin fjölbreytni sem er líka mikilvæg. Okkar fulltrúi var Guðný Gerður Gunnarsdóttir, fyrrum borgarminjavörður og félagi í Kappadeildinni og sagði hún

frá Grýlu, jólasveinunum og jólakettinum. Var hún okkur til mikils sóma með sitt innlegg eins og hennar var von og vísa.

Fyrir hönd landsambandsstjórnar DKG vil ég óska öllum félagskonum í DKG gleðilegrar hátíðar og farsældar og framsækni á nýju ári.

Guðrún E. Bentsdóttir, landsambandsforseti



Stjórn landsambandsins skipa

Guðrún Edda Bentsdóttir í Kappadeild
Guðný Helgadóttir í Gammadeild
Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir í Nýdeild
Elísabet Jóhannesdóttir í Deltadeild
Aníta Jónsdóttir í Betadeild er fyrsti varaforseti



Frá deildum

Alfa

Aðalfundur Alfa deildar var haldinn á vordögum 18. maí. Fundurinn var vel sóttur enda kominn hugur í félagskonur að koma af stað góðu félagsstarfi að loknum Covid faraldri og nýfengnu fundafrelsi. Á fundinum, sem haldinn var í heimahúsi, var skálað í freyðivíni og veitingum gerð góð skil. Tillaga að nýrri stjórn var samþykkt en í henni eiga sæti, Hrunn Logadóttir formaður, Fjóla María Lárusdóttir ritari, Málfríður Þórarinsdóttir og Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir. Árný Inga Pálsdóttir tók að sér að vera gjaldkeri deildarinnar áfram.

Ný stjórn kom saman strax í lok júní til að stilla saman strengi, ræða komandi deildarstarf og þær áherslur sem stjórnarkonur töldu mikilvægar í komandi samstarfi. Þar bar hæst að leita mögulegra leiða til að fá nýjar konur í deildina s.s. að kynna starfið fyrir konum sem leitað yrði til varðandi fræðslu og kynningar. Áherslur funda á komandi vetri yrðu því að kynnast starfsemi á sviði fræðslu og mennta eins og verið hefur þar sem konur eru í forsvari.

Á haustönn hafa verið haldnir tveir fundir. Sá fyrri var í formi heimsóknar í Grósku Hugmyndahús þar sem félagskonur fengu kynningu á starfseminni. Gróska Hugmyndahús er öflugt samfélag nýsköpunar með



höfuðáherslu á aðstæður til samskipta og tengsla. Öflug margbreytileg fyrirtæki þróa þar hugmyndir sínar í skemmtilegu umhverfi þar sem jafnframt er byggt upp og þróað samstarf við háskóla á sviði tækniþróunar, rannsókna og

nýsköpunar enda er Gróska staðsett við hlið Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Fyrir fundinn hittust Alfa konur á kaffihúsinu Mikka Ref sem staðsett er í Veru, Mathöll Grósku. Vera Dögg Antonsdóttir, framkvæmdastjóri Grósku kynnti síðan starfsemina og fór með fundarkonum í skoðunarferð um húsið.

Seinni fundur haustannar var jólafundur deildarinnar og var hann haldinn í Norræna húsinu í hliðarsal veitingastaðarins Sónó. Á borðum var yndislegur vegan réttur, eftirréttur og heitur jóladrykkur. Vigdís Finnbogadóttir las ljóð úr nýútkominni bók, „Ljóðin hennar Vigdísar“, ræddi boðskap ljóðsins og flutti



fundarkonum hugleiðingu um málið, orðauðgi þess, mögulegan uppruna og fjölbreytta merkingu orða. Málfríður Þórarinsdóttir var síðan með orð til umhugsunar og lagði út af mikilvægi samverustunda.

Framundan á vorönn eru áætlaðir þrjú fundir ásamt aðalfundi í maí. Í janúar fara Alfakonur í heimsókn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem Fjóla María Lárusdóttir gegnir starfi þróunarstjóra, í lok febrúar verður Fjölbrautaskólinn við Ármúla heimsóttur og í apríl er stefnt að vorferð í Keili miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Eftirfarandi Alfa konur féllu frá á árinu:
Sigríður Kristjánsdóttir féll frá í apríl á 97.
aldursári. Hún var einn af stofnfélögum Delta
Kappa Gamma og sat í fyrstu stjórn
Alfaveildarinnar.

Gyða Jóhannsdóttir, fyrrverandi dósent við
Menntavísindasvið Háskóla Íslands og
fyrrverandi skólameistari Fósturskóla Íslands
lést í júlí á 79. aldursári. Hún gerðist félagi í
Alfaveild 1985.

Við Alfa systur minnumst okkar góðu systra
með þakklæti og virðingu.

Stjórn Alfa deildar
Hrund, Málfríður, Ragnhildur og Fjóla María





Þeta

Við í Þeta deildinni byrjuðum veturinn vel og höfum gefið út dagskrá með markmiðum og fundardögum.

Þema vetrarins er „**Gleði**“ - við viljum koma sterkar inn í starfið eftir tvö erfið og óvenjuleg ár. Við ætlum að auka gleðina í hjarta okkar, kynnast frekar og njóta saman. Við ætlum að fræðast og nærast um gleðina og styrkleika kvenna og eflast þannig saman. Við ætlum að meta tímann okkar, finna styrkinn saman og vera konur fyrir konur.

Á fyrsta fundi vetrarins fórum við yfir dagskrána og lögðum góðan grunn að þema vetrarins. Guðbjörg Sveinsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún gerði fyrrum DKG konuna; Vilborgu Dagbjartsdóttur skáld og kennara að umræðuefni sínu. Við fórum einnig í leik sem kallast hraðstefnumót og mætti jafnvel kalla skyndikynni. Þá fengu félagskonur fjórar spurningar og nokkar mínútur til að tala saman tvær og tvær og svara spurningum um hvaðan þær væru, hvernig fræðastörfum þær ynnu að, hvað þátttaka í DKG gerði fyrir þær og hvað þær hefðu gert í sumar. Reglulega skiptu félagskonur svo um viðmælendur og voru hvattar til að ræða við þær sem þær þekktu lítið. Þetta var mjög skemmtilegt og mikið hlegið.

Því miður þurftum við að fresta fundi í október en setjum hann á dagskrá eftir áramót. Jólafundurinn var haldinn hátíðlegur í lok nóvember. Valgerður Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún ræddi um íslenskuna og þróun hennar. Mjög skemmtileg frásögn sem endaði á sögunni um stúlkuna með eldspýturnar en með öðrum áhersluatriðum. Séra Erla Guðmundsdóttir var gestur á fundinum og talaði fallegum orðum til okkar um aðventuna. Við fengum tríó frá tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem spilaði jazztóna og settu hátíðarbrag á fundinn sem var vel sóttur og fóru allar með gleði og ljós í hjarta.

Framundan á nýju ári er bókafundur (jan), heimsókn í HÍ (feb), gleðifundur (mars) og vorferð í lok apríl.

Við munum einnig bjóða nýjum konum í Þeta deildina og höldum áfram að gleðjast saman, efla tengsl okkar og vera virkar í félagi Delta Kappa Gamma.

f.h. Þeta deildar, Lóa Björg Gestsdóttir formaður.





Beta

Að venju fór haustið í Beta-deild vel af stað. Ný stjórn stimplaði sig inn á fyrsta fundi sem var haldinn 2. október í Zontahúsinu. Dagskrá var hefðbundin en fundurinn var kærkominn enda langt síðan við systur höfðum síðast verið saman. Nýr varaformaður, Kristín Elva Viðarsdóttir, flutti orð til umhugsunar þar sem hún las skrif langafa hennar um umhyggju og kærleika fyrir náunganum. Svo sannarlega tímalaut umfjöllunarefni. Gestur fundarins var Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir sem sagði frá nýrri bók sinni, *Aldrei nema vinnukona*. Sagan fjallar að stórum hluta um langömmu systur hennar en einnig er getið í eyðurnar á stöku stað. Bókin er því að stórum hluta heimildaverk en sett upp sem söguleg skáldsaga.

Næsti fundur fór fram í Brekkuskóla á Akureyri 1. nóvember. Sá fundur var fjölmennur að venju og var létt yfir félagskonum. Sigrún Aðalgeirsdóttir sá um orð til umhugsunar, hún var nýkomin heim úr Berlínarferð með nemendum sínum í þýskuáfangi í MA. Nokkrar konur áttu stórafmæli í ár og þær fengu sannar gjafir í tilefni áfangans, auk þess sem Hildur Hauksdóttir, fráfarandi formaður, sagði skemmtilega frá því sem markverðast var daginn sem þær fæddust. Gestur kvöldsins var einstaklega atorkusöm kona, Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri Hrafnagilsskóla, rithöfundur og tónlistarkona. Hrund las úr nýútkominni bók sinni, *Órói, krunk hrafnanna*, sem er sjálfstætt framhald ungmennabókar hennar sem kom út fyrir ári. Þegar bókarkynningu var lokið dró Hrund fram harmoniku og alls voru sungin fimm þekkt

sönglög, þar á meðal *Vikivaki* og *Vor í Vaglaskógi*. Ljómandi góð kvöldstund.

Sameiginlegur jólafundur Beta-, Mý- og Ný-deilda var síðan haldinn fimmtudaginn 24. nóvember á kaffihúsinu Lyst í Lystigarði Akureyrar. Hann var einstaklega vel heppnaður og ómetanlegt að hitta aðrar deildir og eiga nærandi samverustund. Við systur sungum saman, borðuðum þríréttaða máltíð og hlýddum á fræðandi erindi frá Kristínu Margréti Jóhannsdóttur sem er dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Kristín er viskubrunnur og sérlega skemmtileg áheyrnar, þetta kvöld fjallaði hún um jólahald í Kanada þar sem hún var búsett í nokkur ár. Frásögn hennar vakti mikla lukku.

Þegar þessi orð eru skrifuð er aðventan langt á veg komin, próftíð í skólum og ljúfar stundir framundan með ástvinum. Á vordögum verða þrjár konur teknar inn í deildina sem hafa setið fundi með okkur frá því í vor. Það verður gaman að fjölga enn í deildinni og styrkja samveruböndin á komandi ári.

Aðalbjörg Bragadóttir, formaður Beta-deildar



Gamma

Starf Gammadeildar haustið 2022

Aðalfundur Gammadeildar var haldinn 23. maí 2022 og þá var kosin ný stjórn fyrir tímabilið 2022-2024. Stjórn Gammadeildar skipa nú:

- Hrefna Sigurjónsdóttir, formaður
- Sigrún Aðalbjarnardóttir, varaformaður
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, ritari
- Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, meðstjórnandi
- Hanna Halldóra Leifsdóttir, gjaldkeri.




Mynd frá aðalfundi. Fráfarandi stjórn og hluti af núverandi stjórn: Edda Pétursdóttir, fráfarandi formaður, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir og Hildur Skarphéðinsdóttir.

Þrjú fundir hafa verið haldnir í Gammadeild í haust en yfirskrift starfsársins og þema er: **Grunnhugmyndir farsældar.**

Í september mætti Eva Harðardóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, adjunkt og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, í Landakotsskóla og hélt fyrirlesturinn: *Að mennta fyrir samtíð, framtíð og sameiginlegan heim.* Eva er í doktorsnámi á menntavísindasviði. Eva sagði meðal annars frá nýrri skýrslu Unesco um menntun sem heitir *Re-imagining our futures together – a new*

social contract for education. Hún sagði líka frá hvernig hún hafði kennt áfanga í Menntaskólanum á Akureyri um sjálfbærni þar sem hún fléttaði saman heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og heimsbókmenntir þar sem sjónarhornið eru ólíkar aðstæður mannfólksins víða um heim.



Eva Harðardóttir á fyrsta fundi starfsárs Gammadeildar í Landakotsskóla.

Frá fyrsta fundi Gammadeildar í Landakotsskóla.

Þann 13. október var haldinn fundur í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem við skoðuðum sýninguna *Viðnám* sem er þverfagleg sýning sem brúar bilið á milli myndlistar og vísinda. Ragnheiður Vignisdóttir, fræðslu- og útgáfustjóri, sagði frá fræðslustarfi Listasafns Íslands og ýmsum verkefnum sem miða við að ná til ólíkra hópa. Hún sagði að safnið tæki á móti 3-5 þúsund grunnskólanemendum á hverju ári. Í tengslum við þann hóp hefur verkefni verið komið á laggirnar þar sem börnum er kennt myndlæsi, 26 lykilverk í eigu safnsins eru kynnt og gert hefur verið heildstætt 10-12 kennslustunda efni.



Þann 7. nóvember mætti Páll Ólafsson, framkvæmdastjóri Farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu, á fund sem haldinn var í sal í Einholti. Þar fjallaði hann um ný farsældarlög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og nýjungar sem lúta að því að tengja

saman alla þá aðila sem geta hjálpað börnum og foreldrum þegar eitthvað bjátar á. Sagt var frá nýjum tengiliðum og málstjórum sem leggjast eiga utan á núverandi kerfi og bæta þjónustuna. Sköpuðust líflegar umræður og skoðanaskipti að erindi loknu.



Jólafundur Gammadeildar var haldinn 7. desember sl. heima hjá Gerði G. Óskarsdóttur í dásamlega húsinu hennar við Elliðavatn. Jólastermingin sveif yfir vötnum en Gerður var búin að skreyta hátt og lágt og Ingibjörg Einarsdóttir bauð upp á gómsætar veitingar í tilefni þess að hún átti afmæli þennan dag. Fundurinn hófst á fordrykk og skáluðu Gammasystur í freyðivíni og óáfengu. Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti landssambandsstjórnar DKG, heiðraði okkur með heimsókn og tók þátt í jólafundinum. Hún hóf leikinn á að vera með orð til umhugsunar og

var þakklæti þar efst í huga. Rithöfundurinn Ragna Sigurðardóttir kom í heimsókn og las upp úr nýútkominni bók sinni: *Þetta rauða, það er ástin* og spjallaði við okkur í kjölfarið og áritaði bækur sem okkur bauðst að kaupa. Því næst gæddum við okkur á hátíðlegum veitingum Ingibjargar, fögnuðum stórafmæli Jóhönnu Einarsdóttur, sungum saman jólalög og fórum yfir nokkur atriði fyrir næsta starfsár.



Spennandi dagskrá er í vændum þar sem Gammakonur hittast mánaðarlega fram til landssambandsþings sem mikil tilhlökkun er fyrir.

Við viljum nota tækifærið og óska öllum Delta Kappa Gamma konum nær og fjær yndislegar hátíðar og gleðilegra jóla. Sjáumst á nýju ári.



Delta

Vetrarstarfið hjá Deltadeildinni hófst með fundi þann 13. október á Laxárbökkum í Hvalfjarðarsveit. Yndislegu sumri er að ljúka og dagskrá vetrarins ákveðin

Dóra Líndal Hjartardóttir tónmenntakennari var gestur fundarins. Dóra býr á Vestri-Leirargörðum í Hvalfjarðarsveit. Hún flutti erindi um ullina og sagði m.a. frá ráðstefnu á Gotlandi sem hún sótti nýlega. Ullin af íslensku sauðfé skiptist í þel og tog og eitt er víst að fjölmörg tækifæri liggja í nýtingu íslensku ullarinnar. Ull er gull.



Hún kenndi við Heiðarskóla í mörg ár og einnig við Tónlistarskólann á Akranesi. Dóra er hætt kennslu vegna aldurs en situr alls ekki auðum höndum. Það sem vakti athygli okkar á Dóru er að hún er mikil handavinnukona og er að gera margt spennandi með ullina, fer ótroðnar slóðir. Þá sýndi Dóra Líndal okkur hvernig hún spinnur úr ullinni og bauð okkur að prófa og ekki stóð á konum að þiggja það. Á myndinni má sjá Dóru Líndal leiðbeina Ruth Jörgensdóttir Rauterberg.

Jensína Valdimarsdóttir flutti hugvekjuna *Orð til umhugsunar*. Erindi hennar var á persónulegum nótum, starfslok eru framundan og 50 ára starfsævi að ljúka. Áhugaverð hugvekja hjá Jensínu.



Næsti fundur Deltadeildar var í Háskólanum á Bifröst þann 16. nóvember en þar tók á mót okkur rektor skólans Margrét Jónsdóttir Njarðvík. Margrét byrjaði sitt erindi á að segja frá nánum tengslum sínum við Borgarfjarðarhérað. Hún fór síðan yfir sögu og samfélagslega þýðingu skólans áður en hún sagði frá núverandi starfsemi hans og markmiðum. Einkenni skólans er og hefur verið að hann lagar sig að þörfum samfélagsins. Nemendur eru nú um 1100 á ársgrundvelli og um 70% þeirra eru konur. Gildi skólans nú eru samvinna-ábyrgð-frumkvæði.

Eftir mjög áhugavert erindi Margrétar var fundi slitið og haldið að Hraunsnefi þar sem var borðað. Jónína Eiríksdóttir flutti orð til umhugsunar.



Henni var umhugað um stöðu flóttamanna, en Bifröst er staðurinn þar sem flóttamenn frá Úkráninu búa síðan stríðið skall á og talað er fallega um það verkefni. Og það leiðir hugann að máli málanna í mínum huga þessa haustdaga

sagði Jónína. Hvernig hefur íslensk þjóð ávaxtað pund sitt að hún geti ekki skotið skjólshúsi yfir þá sem hingað leita? Með þessum orðum til umhugsunar, héldum við heim á leið, á hlýju nóvemberskvöldi.

Á myndinni eru frá vinstri: Jónína Eiríksdóttir, Brynja Helgadóttir og Dagný Emilsdóttir.

Bestu jólakveðjur,
Halldóra Jónsdóttir formaður Deltadeildar.





Kappa

Haustfréttabréf Kappadeildar 2022

Stjórn Kappadeildar veturinn 2022-2023 skipa eftirtaldar konur: Hildur Elín Vignir formaður, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, varaformaður, Herdís Anna Friðfinnsdóttir, ritari, Linda Hrönn Helgadóttir og Áslaug Ármannsdóttir er gjaldkeri deildarinnar. Kappasystur eru í dag 30 talsins.

Stjórn Kappadeildar býr til **starfsáætlun** fyrir árið á haustin og leggur fyrir fyrsta deildarfund til umræðu og afgreiðslu. Þar eru fundir dagsettir og ákveðið hvert skuli vera þema starfsársins og er þá horft til stefnu og markmiða DKG. Konum í deildinni skipað í umsjónarhópa með einstaka fundum og í raun falin dagskráin. Þess er gætt að allar konur taki þátt. Stjórnin hefur umsjón með fyrsta og síðasta fundi starfsársins.

Þema deildarinnar þetta starfsárið er: Lærum og leiðum - faglegar og framsæknar í átt að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

Þetta skipulag hefur reynst mjög vel og fundirnir verið fjölbreyttir, fræðandi og skemmtilegir. Fasti dagskrárliðurinn á öllum fundum deildarinnar, orð til umhugsunar, er mjög góður og gefandi því að reynslan og spekin sem frá konunum kemur undir þessum lið er alltaf uppbyggjandi og fróðleg.

Á fyrsta fundi vetrarins var annars vegar samþykkt starfsáætlun vetrarins auk þess sem Guðrún Edda Bentsdóttir flutti fréttir af haustfundi DKG auk fastra dagskrárliða. Linda Hrönn Helgadóttir flutti orð til umhugsunar. Á fundinn mættu 17 félagskonur.

Á öðrum fundi vetrarins hélt Kolfinna Jóhannsdóttir nýr skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík og doktorsnemi í menntavísindum fyrirlestur sem nefndist: *Innleiðing nýrra laga um aukið sjálfstæði framhaldsskóla og áhrif þeirra* auk fastra dagskrárliða. Anna Kristín Sigurðardóttir flutti orð til umhugsunar. Á fundinn mættu 19 félagskonur.

Framundan er svo jólafundur Kappadeildar sem haldinn verður 8. desember.

Hildur Elín Vignir

Formaður Kappadeildar





Lambda

Ný stjórn var kjörin á vordögum. Hana skipa Sigurborg Kristjánsdóttir, formaður, Iðunn Antonsdóttir, gjaldkeri, Steingerður Kristjansdóttir, ritari, Ólafía Guðmundsdóttir og Björg Melsted meðstjórnendur.

Haldnir hafa verið fjórir fundir á haustönn 2022. Á fyrsta fundinum 29. ágúst sem haldinn var í leikskólanum Sólhvörfum kynnti Gerður Magnúsdóttir mastersrannsókn sína: *Milli stúdentsprófs og heimsreisu* sem er eigindleg rannsókn byggð á viðtölum við níu unga starfsmenn á leikskólum um ástæður þess að þau velja ekki leikskóla sem framtíðar starfsvettvang. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru:

Slæm upplifun unga fólksins af eigin skólagöngu og lítil trú á eigin getu koma í veg fyrir að fólk fari í háskólanám

Áhrif foreldra þessa unga fólks á starfsval, þ.e. neikvæð áhrif sýn foreldra á starfið fæla ungt fólk frá því að velja þennan starfsvettvang

Sumt ungt fólk var einfaldlega búíð að ákveða hvað það vildi læra og námsval þeirra löngu ákveðið

Upplifun unga fólksins á opinberri umræðu um leikskólastarfið hafði fælandi áhrif. Hér er átt við laun, álag, vinnutíma o.fl.

Áhrif vinnustaðarins á upplifun unga fólksins af starfinu. Hér spilar inn í hvernig starfsmenn tala um starfið og vinnustaðinn „kaffistofutuðið“.

Einnig var rætt um starfsáætlun vetrarins og m.a. nefnd menntastefna yfirvalda og farsældarlögin.

Á öðrum fundi deildarinnar sem haldinn var í Mennta- og barnamálaráðuneytinu 22. september kynnti Óskar H. Níelsson sérfræðingur hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu nýtt skipulag

ráðuneytisins sem tók gildi 2. júní 2022. Markmiðið með nýju skipulagi er að efla skilvirkni, teymisvinnu og árangur. Hann sagði helstu áskoranir felast í tengslum fjárlaga og skrifstofa; nýrri sýn á menntun; áherslum ríkis og samspili við sveitarfélög og menntastefnu til 2030.

Óskar kynnti einnig nýja menntastefnu til 2030 og fyrstu aðgerðaáætlun af þremur sem komin er í framkvæmd og tekur til eftirfarandi þátta:

Heildstæð skólaþjónusta: Undirbúningur á innleiðingu geðræktarstarfs á öllum skólastigum.

Skólaþróun um land allt: Tilraunaverkefni um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum. Lögð er áhersla á að aðkoma ríkis og sveitarfélaga sé styðjandi en ekki stýrandi.

Markviss stuðningur við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn: Auka útgáfu námsefnis, kennslu- og sérfræðiráðgjöf.

Fjölgun kennara með leyfisbréf: 5 ára átaksverkefni stjórnvalda sem hófst 2019.

Hæfni fagstétta í skólastarfi: Efla skólaþróun með fjölbreyttum verkefnum.

Gagnrýnin hugsun sköpun og skilningur: Markviss stuðningur við lestrarkennslu og -þjálfun í leik-, grunn-, og framhaldsskólum. Endurskoðun hæfniviðmiða í íslensku og greinasviðs íslensku í aðalnámskrá grunnskóla.

Mótun hæfnistefnu Íslands í virku samráði: Samráðsvettvangur menntakerfa og atvinnulífs um hvernig byggja megi markvisst upp hæfni til að mæta framtíðaráskorunum.

Raddir unga fólksins - virkt nemendalýðræði á öllum skólastigum:

Samningur við Unicef um stuðning við verkefni: Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund. Undirbúningur fyrir rafrænan samráðsvettvang barna og stjórnvalda.

Vönduð náms- og kennslugögn fyrir allt menntakerfið: Efling þróunarsjóðs námsgagna, þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu og aukið aðgengi leikskóla að útgefnu efni.

Þriðji fundurinn var haldinn 18. október í Urriðaholtsskóla þar sem Þorgerður Anna skólastjóri tók á móti konum. Gestur fundarins var Páll Ólafsson framkvæmdarstjóri farsældarsviðs barna – og fjölskyldustofu. Barna- og fjölskyldustofa er ný stofnun og hlutverk hennar er að samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í samræmi við nýju farsældarlögin. Stofnunin er 10 mánaða gömul og er ætlað að standa vörð um „ósýnilegu börnin“ í kerfinu. Í hverjum skóla verður til tengiliður sem er sérstaklega til staðar fyrir börn og foreldra. Markmiðið er að börn og foreldrar

hafa aðgang að samþættri þjónustu og hafi aðgang að málstjóra/tengilið. Þessu fylgdu peningar frá ráðuneyti til að þetta megi verða að veruleika í hverjum skóla. Í Reykjavík gengur þetta undir nafninu „betri borg fyrir börn“. Þetta er talið vera næst arðbærasta fjárfesting sem ríkið hefur ráðist í miðað við að hægt sé að „bjarga“ 30 börnum.

Fjórði fundurinn var haldinn 29. nóvember á heimili formanns Sigurborgar Kristjánsdóttur og bauð hún jólalegar veitingar. Gestur fundarins var Guðrún Frímansdóttir sem ritaði bókina: *Saga Elspu*. Hún kynnti bókina, tilurð hennar, skrifin og tengslin við Elspu. Heilmiklar umræður sköpuðust um bókina og aðstæður tengdar henni.

Góð mæting hefur verið á fundi haustsins enda fjölgaði konum sl. vor þegar teknar voru inn sex nýjar konur í deildina.

Björg Melsted
Vararitari Lambdadeildar





Mý

Deildarstarf Mý-deildar fór vel af stað í haust. Fyrsti fundur vetrar var haldinn 19. september þar sem fram fór inntaka tveggja nýrra félaga. Auk þess deildi Ingileif Ástvaldsdóttir úr viskubrunni sínum með orðum til umhugsunar. Erindi sitt kallaði hún: *Hvernig nærir þú orkuna?* Hún ræddi um það hvort við gætum hlaðið batteríin eins og hvern annan rafmagnsbíl. Gætum við kannski rætt meira um að næra orkuna? Neikvætt umtal um streitu er nánast orðið að streituvaldi einum og sér. Við þurfum að vanda orðfæri okkar því af almennri umræðu um streituna er eins og öll streita sé hættuleg sama í hvaða magni hún er. Ekki má gleyma hvernig samfélagsmiðlar geta aukið á áreiti og vakið álag og streitu. Með og án snjalltækni verðum við að geta fundið jafnvægi. Að endingu bauð hún félagskonum að taka þátt í lítilli skoðanakönnun á mentimeter.com þar sem spurt var, Hvernig nærðir þú orkuna síðustu helgi? Niðurstöður komu skemmtilega upp á skjáinn.

Í nóvember gerði Björg Sigurvinsdóttir *samfélagið og börnin* að umtalsefni sínu í orðum til umhugsunar. Kveikjan að þessari hugvekju kom þegar foreldrar í Reykjavík mættu með börnin sín í Ráðhúsið til að mótmæla því ástandi sem upp var komið í borginni í tengslum leikskólaláss. Hún sagði að umhyggja barna fyrstu tvö árin í lífi þeirra skipti mestu máli fyrir barnið. Auk þess fjallaði hún um bók Sæunnar Kjartansdóttur *Árin sem enginn man* en Sæunn kom fram í þættinum *Börnin okkar* á RUV og hafði margt fram að færa. Björg sem er leikskólastjóri á Akureyri, sagði stöðuna í bænum vera með þeim hætti að sjá mætti fram á fjölgun eins árs barna í leikskólum og það væri umhugsunarefni. En hún benti jafnframt á að það væri gleðilegt að

sjá að báðir foreldrar taki nú meiri þátt í öllu leikskólastarfi en áður var. Á Akureyri eru leikskólaláss allt of fá miðað við fjölda og alltof fáir fagmenntaðir starfsmenn í störfum innan leikskólans. Hvað getum við gert? Verið er að undirbúa að senda fræðsluráði erindi varðandi fækkun á börnum í hópa leikskólans og spurning hvað verður gert í framhaldinu.

Þá heimsótti Eva María Ingvadóttir forstöðukona Alþjóðastofu hjá Akureyrarbæ félagskonur og kynnti starfsemina. Þar sagði hún frá því að stofnunin hafi verið sett á laggirnar árið 2005. Þá var hugsunin sú að hún átti að vera nokkurs konar upplýsingatorg aðallega fyrir pólskumælandi fólk sem talar litla íslensku og litla/enga ensku, en nú beinist starfsemin ekki einungis að Pólverjum heldur öllum innflytjendum. Fólk sem leitar eftir þjónustu hjá Alþjóðastofu þarf ekki að panta tíma heldur kemur bara en getur þá þurft að bíða. Þjónustan er gjaldfrjál eins og önnur þjónusta hjá bænum. Fjöldi Pólverja á Akureyri hefur tvöfaldast á árunum 2013 til 2022 á meðan fjöldi íbúa sem tala annað erlent mál en pólsku hefur þrefaldast. Á þessum sama tíma hefur Eva María verið í 10% stöðu og ekki lítur út fyrir að það breytist neitt þrátt fyrir mikla þörf. Með árunum hafa málin sem hún sinnir orðið viðameiri og oft mál sem þarfnast eftirfylgni. Þjónustan sem Eva María sinnir sveiflast á milli þess að vera ráðgjöf/leiðbeining og til þess að vera milliliður á milli annara þjónustuaðila sem skjólstæðingar hennar þurfa að eiga samskipti við.

Að endingu ræddi Eva María hatursorðræðu í garð erlendra íbúa. Hún lýsti því hversu erfitt það væri að heyra þessar sögur beint frá

þolanda. Í framhaldi af þessari upplifun hennar fékk hún styrk og er nú að gera stóra rannsókn meðal Pólverja á Akureyri þar sem niðurstöðurnar eru sláandi. Rúmlega helmingur viðmælenda hafa upplifað hatursorðræðu og 70% þeirra hafa upplifað mismunum. Mismununin lýsir sér aðallega í neikvæðri framkomu við fólk í starfi. Nú þarf að afla frekari styrkja til að vinna úr gögnunum sem urðu mjög yfirgripsmikil. Erindi Evu Maríu var fróðlegt og í framhaldi af því spunnust líflegar umræður.

Í lok nóvember héldu þrjár deildir, Mýdeild, Nýdeild og Betadeild jólafund saman á Kaffi Lyst í Lystigarðinum á Akureyri. Það var afskaplega notaleg stund. Við borðuðum saman og hlustuðum á orð til umhugsunar sem flutt voru af félagskonu úr Mýdeild, Magneu Kristínu Helgadóttur. Þar gerði hún jólin að umfjöllunarefni sínu og velti því fyrir sér hvernig jól gætu tekið á sig ýmsar myndir en væru fyrst og fremst samvera með sínum nánustu. Hún rifjaði upp jólin í æsku sinni og

jólin fyrstu búskaparárin og umræður sem hún var nýlega búin að eiga við syni sína sem eru að stíga sín fyrstu ár í búskap og hvernig hver og einn skapar sínar eigin jólah hefðir en tekur þó alltaf einhverjar í arf frá foreldrum sínum eða æsku. Þá flutti Kristín Margrét Jóhannsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri pistil um jólin hjá Vestur-Íslendingum. Sjálf var hún búsett í Kanada í nokkur ár og hafði fengið nasapefning af jólnum þar, en auk þess sagði hún frá því hvernig jólin og jólah hefðir virtust hafa smitast frá Íslandi og til Kanada á fyrri árum. Þó að hefðirnar væru vissulega ekki alveg þær sömu þá virtust Vestur-Íslendingar til dæmis halda í þann sið að taka upp pakka á aðfangadagskvöld í stað jóladags og sumir hefðu allavega framan af reddað sér hangikjöti á jólaborðið. Að lokum las hún upp úr bréfi vestur-íslenskrar stúlku sem lýsti aðfangadagskvöldi. Fundinum lauk með fallegum söng og var verulega vel heppnaður.

Kristín Irene Valdemarsdóttir, formaður Mýdeildar





Ný

Vetrarstarf Ný-deildar fór vel af stað í septembermánuði þegar ný stjórn hittist á fyrsta stjórnarfundum sínum. Svæði deildarinnar er víðfeðmt og fundaði stjórnin því rafrænt og lagði línurnar fyrir komandi vetur. Þrjú verkefni brunnu helst á nýrri stjórn; að finna þema til að vinna eftir á starfsárinu, að finna leiðir til að bæta mætingu systra á fundi Ný-deildar og að fjölga í deildinni. Þemað sem fyrir valinu varð er mannréttindi í víðum skilningi. Til að bæta mætingu ákvað stjórnin að hringja í allar systur fyrir fundi og athuga hvort þær ætli ekki að koma. Ánægjulegt er að segja að það hefur borið góðan árangur fram að þessu. Tilraunir til fjölgunar í Ný-deild hafa staðið yfir á öllum starfstíma deildarinnar. Fjölgunin hefur þó gengið hægt þar sem afföll hafa orðið úr hópi stofnmeðlima og okkur því tekist að viðhalda fjölda okkar fremur en að auka hann. Stefnan er þó að halda ótrauðar áfram og bjóða þeim konum, sem samþykktar voru til inngöngu á síðasta starfsári, strax á fyrsta fund.

Fyrsti fundur í deildinni var svo haldinn 27. september í grunnskólanum á Blönduósi. Þar tók á móti okkur systir okkar Jóhanna Jónasdóttir. Á fundinum fór Ellen Mörk með orð til umhugsunar um Guðrúnu Helgadóttur rithöfund, rætt var um skipulag komandi vetrar í Ný-deild og kynnt þema sem ætlunin er að vinna eftir á þessu starfsári. Að lokum var svo haldin stutt kynning á samtökunum og markmiðum þeirra enda var nokkrum gestum boðið á fundinn.

Annar fundur vetrarins var svo haldinn þann 19. október í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Sigríður Margrét Ingimarsdóttir fór með orð til umhugsunar þar sem hún hélt gamansama tölu um orðið stígvél. Systir okkar Lee Ann MaGinnis, sem er lögfræðimenntuð, hélt að því loknu erindi um mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Í kjölfarið voru umræður. Við höldum áfram að bjóða til okkar gestum og eftir þennan fund var

fjórum konum boðin innganga og þáðu þær allar boðið.

Á þriðja fundi vetrarins sem haldinn var 14. nóvember í dreifnáminu á Blönduósi var því haldin inntökuathöfn að loknum orðum til umhugsunar. Orðin voru í höndum Bryndísar Kristínar Þráinsdóttur þar sem hún velti því fyrir sér hvort við sem samfélag vildum halda í íslenskuna sem tungumál okkar og velti í framhaldinu fyrir sér hvað þyrfti að gera til að svo mætti vera. Þar sem ein nýju meðlimanna forfallaðist vegna Covidveikinda voru þrjár systur vígðar inn í samtökin þetta kvöld. Það voru Eyrún Berta Guðmundsdóttir, leikskólakennari, Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, leikskólastjóri, og Þyrey Hlífarsdóttir, grunnskólakennari. Að vígslu lokinni hélt Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, erindi um réttindi fatlaðs fólks og stöðu réttindamála þeirra.

Tíu dögum seinna, þann 24. nóvember, héldu svo níu vaskar Ný-systur norður til Akureyrar á sameiginlegan jólafund með Beta- og Mý-deildum. Sá fundur var haldinn á Kaffi Lyst í Lystigarðinum á Akureyri. Um langan veg er að fara á fund á Akureyri og því var jólafundurinn ekki einn af þeim sex fundum sem Ný-deild er með á skipulögðu fundaplani sínu. Fundurinn var vel heppnaður, hátíðlegur og skemmtu Ný-deildar systur sér konunglega. Orð til umhugsunar voru í umsjón Mý-systra og einnig hlustuðum við á skemmtilegt erindi um jólahald Vestur-Íslendinga í Kanada frá Kristínu Margrétu Jóhannsdóttur, lektor í Háskólanum á Akureyri.

Næsti fundur Nýdeildar verður svo haldinn með hækandi sól í marsmánuði þó stefnt sé á árlegan rafrænan aukafund fyrir lestrarhesta Nýdeildar í upphafi árs, þar sem systur segja frá jólabókunum sínum.

Guðbjörg Einarsdóttir, formaður Ný-deildar



Epsilon

Haustið er búið að vera dásamlegt, hvað varðar veður, sem kemur sér vel fyrir okkur Epsilon systur, þar sem við sækjum fundi víðs vegar um Árnassýslu og Rangárvallasýslu en í þessum sýslum búa flestar Epsilon systur.

Nýr formaður

Guðríður Egilsdóttir tók við formennsku í vor og stýrði fyrsta fundi sínum í Grunnskólanum í Hveragerði, 15. september síðastliðinn. Stjórnin, undir forystu Guðríðar, ætlar að leggja kapp sitt á, að við Epsilon systur verði sýnilegri í nærumhverfinu okkar með markmið samtakanna að leiðarljósi. Við höfum vissulega þekkingu á ýmsum sviðum sem við getum miðlað til samfélagsins. Markmið okkar er að fá inn í deildina eina til tvær konur á þessu starfsári.



Stjórn Epsilon-deildar: Guðríður Egilsdóttir formaður, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri, Guðrún Sigríks Sigurðardóttir ritari, Margrét Guðmundsdóttir vara formaður. Á myndina vantar Ester Hjartardóttur.

Hvernig fjölgum við í deildinni?

Á síðasta fundi, sem haldinn var á Stokkseyri, spruttu upp fjörugar umræður um hvernig við gætum fjölgað í deildinni, gert okkur sýnilegri og vakið áhuga hjá öðrum konum. Ein okkar fékk þá hugmynd að við myndum standa fyrir málþingi um lestur þar sem fjallað yrði um öll skólastigin. Þetta fannst okkur heldur betur

snjöll hugmynd og ákveðið var að hrinda henni í framkvæmd næsta haust.

Góð erindi á fundum

Fróðleg og góð erindi eru ávallt á dagskrá fundanna. Í upphafi nýs starfsárs fjallaði Margrét Guðmundsdóttir, Epsilon systir, um lokaverkefnið sitt til MS prófs í talmeinafræði *Málfærni yngri barna í grunnskóla*. Margrét hlaut einmitt námsstyrk frá DKG. Ritgerðin fjallar um þörfina á nýjum greiningarprófum fyrir börn í grunnskóla en þau próf sem eru notuð í dag eru þýdd úr erlendum málum, aðallega frá Bandaríkjunum. Rannsókn sem Margrét gerði er fyrsta skref í þróun alhliða málþroskaþrófs ætlað íslenskum börnum. Markmið hennar er að finna þá málþætti sem henta helst til greiningar á málþroska á þessum aldri út frá erlendum málþroskaþrófum.



Landssambandsþing

Það kom ósk frá Guðrúnu Ebbu Bengtsdóttur forseta landssambandsstjórnar til okkar Epsilon systra að við tækjum að okkur að hafa umsjón

með landssambandsþingi í vor í samvinnu við landsambandsstjórnina. Við urðum fúslega við þeirri ósk og búið er að semja við Hótel Örk um gistingu, mat og sal til að halda þingið í. Undirbúningshópur hefur þegar verið skipaður og hugur í konum að takast á við þetta verkefni.

Orð til umhugsunar

Fasti dagskrárliður á fundum orð til umhugsunar er alltaf nærandi og skemmtilegur. Á síðasta fundi var lesið upp bráðskemmtilegt ljóð eftir Sigríði Ólafsdóttur héraðsdómara sem birtist í bókinni *Í dag- um lífið, tilveruna og trúna. Hugleiðingar 366 Íslendinga*. Ljóðið, *Framtíðarsýn*, fjallar um lífið og það að eldast. Fundarkonur hlýddu á með athygli og bros færðist yfir andlit þeirra um leið og þær kinkuðu kolli eins og þær gætu samsamað sig innihaldi textans, sem segir okkur ef til vill nokkuð um meðalaldur Epsilon systra sem voru á þessum fundi. Í ljóðinu eru sjö erindi og fyrsta erindið hljóðar svo:

Þegar árin yfir færast
aldnar frumur hætta að nærast
og húðin verður þurr og þreytt.
En ýmislegt má stoppa og staga
að stórum hluta bæta og laga
svo lífið áfram gangi greitt.

Á næstunni

Jólafundurinn er á næsta leiti og veður haldinn heima hjá Guðríði formanni á Selfossi. Margrét Steinunn Guðjónsdóttir djákni og kennari ætlar að heimsækja okkur og flytja okkur hugvekju um adventuna. Á boðstólum verður matur með jólalegu ívafi. Við systur erum þegar komnar í jólaskap

Fyrsti fundur næsta árs verður haldinn á Iðu í Biskupstungum hjá Elinborgu Epsilon systur, þá fjöllum við um jólabækurnar eða bækur sem við höfum lesið á árinu. Þessi fundur er alltaf mikið tilhlökkunarefni og er hann oft haldinn á Iðu sem gerir hann enn skemmtilegri.

Góðar stundir og gleðileg jól!

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður Epsilon deildar





Að sigrast á – að ná lengra – að eflast

DKG Ignite – Leader Empowering Leaders, Austin Texas 2022

Aníta Jónsdóttir, Beta deild

Mig langar í upphafi þessa pistils að fá að draga upp mynd af mér þar sem ég stand á bjargbrún austur á Langanesi. Ég hafði náð að fíkra mig fram á brúnina, ríghaldandi mér í rammgert handriðið þegar allt í einu fæturnir gáfu sig og ég komst ekki lengra. Ég hafði samt náð langt - pínit mig til að sigrast á óttanum, uppskera óviðjafnanlegt útsýni og ganga nokkuð keik til baka. Reynslunni og örlitlum kjarki ríkari.



Mig langar til þess að biðja ykkur að hugleiða eftirfarandi spurningar: Hverju langar ykkur að sigrast á? Hvað gerið þið til þess að ná lengra? Hvað kveikir áhuga ykkar? Hvað eflir ykkur?

Það var í desember 2019 sem ég sat og hugleiddi einmitt þessar spurningar. Ég sat og velti því fyrir mér hvort ég ætti að sækja um styrk til að komast á Golden Gift (síðar DKG Ignite) námskeið sem halda átti sumarið 2020 í Austin í Texas. Ég hafði lesið hugleiðingar Jónu Benediktsdóttur, þáverandi formanns, sem birtust í haustfréttabréfi samtakanna árið 2018. Þar talaði hún m.a. um reynslu sína af því að taka þátt í Golden Gift námskeiði þá um sumarið. Hún hvatti félagskonur til þess að nýta öll tækifæri sem þeim gæfust til þess að takast á við fjölbreytt verkefni og efla sig á ólíkum sviðum. Og ég tók orð hennar til mín. Af hverju ætti ég ekki að láta til skarar skriða? Jú það voru allskonar ástæður sem ég hafði til þess að sleppa því bara – flughræðsla, tungumálabras, yfirgefa íslenskt sumar, langur tími, fjarlægð frá fjölskyldunni, ferðast ein...

Listinn var í raun MJÖG langur. En...



Ég sótti um og hugsaði með mér hvað ég hefði nú í raun gott af þessu. Kona orðin fimmtug. Tími til kominn að lifa draumana, láta ekkert stöðva sig og vera sterk. Það var í byrjun árs 2020 sem ég fékk að vita að ég hefði fengið styrkinn. Ég var allt í senn mjög stolt, glöð, spennt og já síðan gerðu líka rótgrónar hamlandi tilfinningar vart við sig. En nú var ekki aftur snúið. Styrkurinn var í höfn og nafn mitt komið á heimasíðu samtakanna. Ferðalag, nám og ævintýri framundan. Það tafðist reyndar aðeins að af þessu yrði. Ástæðuna þarf ekki að rifja upp.

Það var síðan ljóst á fyrstu mánuðum 2022 að námskeiðið skyldi haldið í júní og undirbúningur hófst. Hjá mér hófst hann reyndar á því að finna listann með ástæðunum fyrir að sleppa þessu tækifæri. En einhvern veginn fannst mér dálítið súrt að fara að draga hann upp tveimur árum seinna. Ég hafði nú staðið þarna á bjargbrúninni fyrir austan í fyrra og komist yfir það. Mitt í þessum



efasemdapælingum laust niður í kollinn á mér góðri hugmynd. Ég ákvað að hringja eitt símtal. Í góða DKG systur, Jónu. Hún hafði jú reynsluna og var sú sem áður hafði kveikt neistann. Ég spurði hana hreint út hvort ég myndi sjá eftir því ef ég færi ekki. Og svarið lét ekki á sér standa. Hvatningarorð hennar, jákvæðni og lausnaleit sannfærðu mig á einu augabragði um að halda á vit ævintýrana. Jóna sem sat sem formaður DKG Ignite nefndarinnar var einnig á leið til Austin og bauð mér að vera sér samferða út. Fyrir það verð ég ævinlega þakklát.

Ferðalagið gekk vel. Og á áfangastað komumst við. Það var mögnuð upplifun að koma til Austin. Hún er höfuðborg Texas fylkis. Borgin var stofnuð 1830 og var hluti af Mexíkó. Víða sjást tengsl við Mexíkó og gamla arfleifð. Hitastigið í Austin á þessum tíma var um og yfir 40 gráður.



Námskeiðið var haldið í McCombs School of Business í Háskólanum í Austin. Við bjuggum á háskólasvæðinu og fengum herbergi á vistinni. Háskólasvæðið er risastórt með mörgum skólum, heimavistum, listasöfnum, mótuneyti, verslunum, kirkjum, og já, litlum íkornum.

Þetta var sannarlega námskeið á heimsmælikvarða. Dagskráin var spennandi og að ýmsu leyti framandi fyrir mig. Aldrei áður hef ég setið áfanga eins og markaðsfræði, stjórnun og samningaviðræður.

Tíminn var vel nýttur. Dagskrá frá morgni til kvölds alla daga vikunnar í heila viku.

Það er óhætt að segja að kennarar á námskeiðinu hafi staðið upp úr. Þar voru á ferð stórkanónur innan háskólans og þó víðar væri leitað.

Mig langar að kynna nokkra þeirra hér og segja lítillega frá efninu sem þeir kenndu.



Amanda Russell er fyrrum langhlaupari á heimsmælikvarða. Hún hafði unnið sér inn sæti á ólympíuleikunum í Beijing 2008 þegar meiðsli urðu til þess að hún varð að hætta að hlaupa. En hún breytti mótlati í tækifæri og hefur á síðustu árum unnið með nokkrum af þekktustu fyrirtækjum heims að markaðssetningu í gegnum áhrifavalda (influencer marketing).



Dr. John Daly er mjög virtur innan háskólans og hefur unnið með mörgum af stærstu fyrirtækjum heims. Hans sérsvið er að sannfæra fólk og fyrirlesturinn hans fjallaði um það. Ég lærði t.d. að til þess að

sannfæra fólk um eitthvað þurfa markmið þín að vera skýr. Það er einnig mikilvægt að þora að biðja um eitthvað sem skapar ný tækifæri.

Ég get ekki látið hjá líða að kynna Dr. Richard Grant. Algjörlega ógleymanlegur náungi sem lagði fyrir okkur Myers-Briggs persónuleikaprófið. Það var bæði skemmtilegt og mjög lærdómsríkt.



Dr. Art Markman er mjög virtur prófessor, sálfræðingur með áherslu á hugræna sálfræði, rithöfundur og bloggari. Hann kenndi okkur mjög mikið um það hvernig hugurinn vinnur. Við eigum t.d. að tengja viðfangsefni við reynslu fólks og fyrri þekkingu. Einnig að spyrja endalausra spurninga þegar við erum að leita lausna. Fyrsta hugmynd að einhverju er sjaldnast besta hugmyndin. Og síðast en ekki síst eigum við að leitast við að þjálfa okkur og læra eitthvað nýtt lífið út - takast á við eitthvað sem setur okkur í stöðu byrjandans.


Dr. Doug Dierking flutti okkur fyrirlestur um samningaviðræður. Algjörlega ný nálgun á viðfangsefni sem við erum að fást við nánast á hverjum degi. Lykillinn að góðum samningi er virk hlustun (sem ég er nokkuð góð í), en aftur á móti þyrfti ég að þjálfa mig í öðrum þáttum samningagerðar. Almáttugur, þið hefðuð átt að sjá samninginn sem ég náði þegar ég seldi eitt sykurkar. Þennan fyrirlestur þarf ég að stúdera vel og vandlega.

Dr. Melissa Murphy er verðlaunaður kennari við háskólann í Austin. Hún kennir samskipti, samningagerð og fleira. Það var í þessum fyrirlestri hennar um Pitching (að ná til fólks) sem ég var rækilega minnt á hvað mér finnst gaman að læra. Það þarf kannski ekki að koma á óvart þar sem ég tengdi svo vel við viðfangsefnið og það varð ljóslifandi fyrir mér, hagnýtt og virkilega skemmtilegt.

Að taka þátt í námskeiði sem þessu á vegum DKG samtakanna snýr ekki eingöngu að því að læra eitthvað nýtt. Því eins og segir í markmiðum samtakanna er eitt af markmiðunum að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum og fræðslustörfum víðsvegar í heiminum. Og það markmið var sannarlega uppfyllt í Austin. Ég sat námskeiðið með 21 DKG systur sem komu víðsvegar frá. Ég eignaðist góða vini, yndislegan herbergisfélag, kynntist frábærum kennurum og margfaldaði þannig félagsauð minn.



Það getur verið erfitt að fíkra sig út fyrir þægindarammann og takast á við eitthvað sem reynist kannski svolítið erfitt. En í því felast oft stærstu tækifærin. Ég er þakklát fyrir tækifærið sem



mér gafst til að sækja um styrk til þess að fara á þetta stórkostlega námskeið sem í boði er á 2ja ára fresti á vegum samtakanna okkar. Og ég er þakklát fyrir að ég nýtti mér tækifærið. Vissulega örlítið máttlaus í hjánnum stundum en ég hafði mörg rammgerð handrið til að styðja mig við á leiðinni. Og ég gekk til baka keik og stolt með þá trú í hjarta að ég geti. Ég vil hvetja ykkur kærur DKG systur til þess að nýta tækifærin sem ykkur gefast í samtökunum okkar.

Ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári nýrra tækifæra.
Kær kveðja frá Akureyri,
Aníta Jónsdóttir, Beta deild



Markmið samtakanna eru:

- **Að** efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- **Að** heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- **Að** efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- **Að** stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- **Að** veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- **Að** efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- **Að** fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum.



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>

